



NÁMSMAT HOLTASKÓLA

Kynningarbæklingur fyrir foreldra/forráðamenn og nemendur

MEGINÁHERSLUR HÆFNIMIÐAÐS NÁMSMATS

Áhersla er lögð á hæfni nemandans

- Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni.
- Hæfnin byggir á getu nemandans til að skipuleggja, útskýra og nota hugtök um efni viðkomandi námsgreinar eða námssviðs.

Nemandi verði meðvitaðri um hvað er ætlast til af honum

- Unnin hafa verið Skólaviðmið Holtaskóla í hverri námsgrein/námssviði.
- Þau eru unnin út frá hæfni- og matsviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla.
- Trúverðuleiki mats og réttmæti þess eykst þegar nemandinn fær skýrari mynd af þeim kröfum sem gerðar eru til hans í námi.

Meira gegnsæi í námsmati fyrir nemendur og foreldra

- Skólaviðmiðin veita skýrari mynd svo að kennarar, nemendur og foreldrar viti hvaða hæfni- eða matsviðmið er verið að þjálfra og meta hverju sinni.


Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

SKÓLAÁRIÐ – EIN ÖNN

Til að fá heildstæða og fjölbreytta hæfnipjálfun, þá er áhersla lögð á:

- Fjölbreytt leiðsagnarmat.
- Skýr fyrirmæli með skólaviðmiðum.
- Að hæfnipjálfun og mat sé sýnilegt nemendum og foreldrum á Mentor.
- Nemendur fá leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir skólaárið, framvindumat í janúar og hæfnieinkunn í hverju fagi fyrir sig við lok skólaárs.

Námsmat - ferli í kerfinu



SKÓLAVIÐMIÐ HOLTASKÓLA

- Unnin hafa verið skólaviðmið í hverri námsgrein/sviði.
- Þau voru unnin út frá hæfni- og matsviðmiðum aðalnámskrá grunnskóla.
- Lögð var áhersla á að þau séu skiljanleg og hæfi þroska nemandanna.
- Hæfniviðmiðin voru umorðuð, slitin í sundur og skipt niður á árganga.
- Við erum sífellt að þróa skólaviðmið okkar og eru þau því lifandi skjal sem á það til að breytast.
- Skólaviðmiðin birtast á Mentor.

| Íslenska skólaviðmið fyrir 9. bekk | | |
|---|--|--|
| Talað mál, hlustun og áhorf | | |
| Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhæða og fas | Gert sér grein fyrir góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall og fas til að halda athygli áheyrenda. | Nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum. |
| ▼ Hæfni - 4 tákn 1 | ▼ Hæfni - 4 tákn 1 | ▼ Hæfni - 4 tákn |
| Unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum | Komið fram við aðra af virðingu og kurteisi. | Tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðli sem hentar. |
| ▼ Hæfni - 4 tákn | ▼ Hæfni - 4 tákn | ▼ Hæfni - 4 tákn |
| Unnið vel og farið eftir fyrirmælum | | |
| ▼ Hæfni - 4 tákn | ▼ Hæfni - 4 tákn | ▼ Hæfni - 4 tákn |
| Lestur og bókmenntir | | |
| Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað | Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftir eigið læsi og beitt mismunandi aðferðum við lestur. | Beitt hugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði. |
| ▼ Hæfni - 4 tákn | ▼ Hæfni - 4 tákn | ▼ Hæfni - 4 tákn |
| þekkt myndmál, algengustu tákn og stílbrögð | Beitt hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, s.s. rím, ljóðstafi, hrynjandi, myndmáli og boðskap | Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmöla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess |
| ▼ Hæfni - 4 tákn | ▼ Hæfni - 4 tákn | ▼ Hæfni - 4 tákn |

LEIÐSAGNARMAT

- Tilgangur leiðsagnarmats er til að fylgjast með og sjá stöðu nemandans meðan á námi stendur.
- Leiðsagnarmat er það ferli að afla upplýsinga um hvar nemandi er staddur í námi sínu og túlka þær.
- Leiðsagnarmat nýtist nemendum og kennurum þeirra til leiðsagnar um hvert þarf að stefna og hvernig best sé að ná þangað.
- Undir leiðsagnarmat flokkast meðal annars: Samráðsfundir, sjálfsmat, athuganir, umræður, spurningar, jafningjamat, leiðarbækur, kannanir, verkefnavinna og fleira.
- Leiðsagnarmat er allt sem fram fer í námi sem leiðir til þess að nemandi ígrundar og metur eigin stöðu. Leiðsagnarmat getur aldrei verið án virkrar þátttöku nemanda. Þátttöku sem felur í sér meira en að gefa til kynna þekkingu eða færni sína á skriflegu prófi.

HÆFNI EINKUNN Í LITUÐUM BÓKSTÖFUM

- Hver námsgrein skiptist í námslotur.
- Í hverri lotu er verið að þjálfa valin skólaviðmið í ákveðinn tíma.
- Nemendur fá leiðsögn frá kennara til að ná viðmiðum sínum.
- Leiðsagnarmatið fer fram jafnóðum í námi nemandans og birtist í lituðum bókstöfum á Mentor.
- Hér til hliðar má sjá hvernig matið birtist á Mentor.

Þess má geta að ef nemandi hefur ekki náð hæfni í vissu skólaviðmiði þá fær hann leiðsögn um hvað hann þarf að gera til þess að ná hæfninni.

Endurmat getur átt sér stað síðar á skólaárinu eða jafnvel á næsta skólaári.

Ef nemandi sýnir framúrskarandi hæfni í skólaviðmiði, þá hefur nemandi sýnt hæfni sem flokka má til næsta stigs.

A

Nemandi sýnir framúrskarandi hæfni í viðmiði.

B+

Nemandi sýnir hæfni sem flokka má til næsta stigs.

B

Nemandi sýnir góða hæfni í viðmiði.

C+

Nemandi er á góðri leið með að ná hæfniviðmiði.

C

Nemandi þarfnast þjálfunar í hæfniviðmiði.

D

Nemandi hefur ekki náð hæfniviðmiði og úrræða er þörf.

HÆFNI EINKUNN Í BÓKSTÖFUM

A

Nemandi sýnir framúrskarandi hæfni í viðmiði.

B+

Nemandi sýnir hæfni sem flokka má til næsta stigs.

B

Nemandi sýnir góða hæfni í viðmiði.

C+

Nemandi er á góðri leið með að ná hæfniviðmiði.

C

Nemandi þarfnast þjálfunar í hæfniviðmiði.

D

Nemandi hefur ekki náð hæfniviðmiði og úrræða er þörf.

HÆFNIKORT NEMANDA

- Hæfnikortin sýna hvaða hæfni nemandi á að búa yfir í hverri námsgrein/sviði fyrir hvert aldursstig.
- Allt leiðsagnarmat safnast saman í hæfnikort nemandans.
- Lokamat í námsgreinum/sviðum er fundið út frá hæfnikortinu.
- Hæfnieinkunn er gefin í námsgrein/sviði við lok skólaannar í lituðum bókstöfum.

The screenshot shows the 'info mentor' interface. At the top, there is a navigation bar with the 'info mentor' logo and a user profile for 'Erna Mariudóttir'. Below this is a header section with the title 'Íslenska sem annað tungumál' and a background image of children. A sidebar on the left contains the text 'NÁMSGREINAR' and 'HÆFNIKORT'. The main content area displays the course title 'HS - Skólaviðmið í íslensku sem annað tungumál fyrir byrjendur' and two links: 'Metin viðmið' and 'Heildarlisti'. Under the heading 'VIÐMIÐ', there are two sub-sections: 'Talað mál, hlustun og áhorf' and 'Lestur og bókmenntir'. Each sub-section contains three boxes with descriptions, dates, and grades.

| Section | Task Description | Date | Grade |
|-----------------------------|--|-----------|-------|
| Talað mál, hlustun og áhorf | Talað um daglega hluti á íslensku. | 31.5.2018 | A |
| | Tjáð skoðanir sínar | 31.5.2018 | B+ |
| | Hlustað og skilið einföld fyrirmæli og frásagnir. | 31.5.2018 | B |
| Lestur og bókmenntir | Valið og lesið sér til ánægju. | 31.5.2018 | C+ |
| | Greint aðaltriði í texta og glöggva sig á meginefni. | 31.5.2018 | C |
| | Lesið bókmenntir og ljóð á eigin móðurmáli og sagt frá því á íslensku. | 31.5.2018 | D |

LESFIMIVIÐMIÐ MENNTAMÁLASTOFNUNAR

- Lesfimi er í raun samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni og áherslum og hrynjanda í lestri.
- Lesfimiviðmið eru almenn viðmið um færni nemanda í lesfimi.
- Gert er ráð fyrir stíganda í lesfimiviðmiðum frá einum bekk til annars.
- Lesfimi er mæld sem rétt lesin orð á mínútu.
- Þegar lesfimiviðmiðum er náð þarf samt sem áður að þjálfar lestur áfram upp allan grunnskólann til að viðhalda góðri lesfimi.
- Mikilvægt er að fylgjast vel með lesfimi allra nemenda og tryggja að henni sé viðhaldið með markvissri þjálfun svo þau geti nýtt sér lestur í daglegu lífi.

LESFIMIVIÐMIÐ

1. – 10. BEKKJAR.

- UV eru undir viðmiðum: Nemandi þarfnast íhlutunar ef hann er undir viðmiðum við lok skólaárs.
- V1 eru lágmarksviðmið: Stefnt er að því að 90% nemenda nái viðmiðinu.
- V2 eru almenn viðmið: Stefnt er að því að 50% nemenda nái viðmiðinu.
- V3 eru metnaðarfull viðmið: Stefnt er að því að 25% nemenda nái viðmiðinu.

| | | | | |
|--------------------|------------------|-------------|--------------|---------------------|
| Við lok 1. bekkjar | Uv = færri en 20 | V1 = 20-54 | V2 = 55-74 | V3 = 75 eða fleiri |
| Við lok 2. bekkjar | Uv = færri en 40 | V1 = 40-84 | V2 = 85-99 | V3 = 100 eða fleiri |
| Við lok 3. bekkjar | Uv = færri en 55 | V1 = 55-99 | V2 = 100-119 | V3 = 120 eða fleiri |
| Við lok 4. bekkjar | Uv = færri en 80 | V1 = 80-119 | V2 = 120-144 | V3 = 145 eða fleiri |

| | | | | |
|--------------------|-------------------|--------------|--------------|---------------------|
| Við lok 5. bekkjar | Uv = færri en 90 | V1 = 90-139 | V2 = 140-159 | V3 = 160 eða fleiri |
| Við lok 6. bekkjar | Uv = færri en 105 | V1 = 105-154 | V2 = 155-174 | V3 = 175 eða fleiri |
| Við lok 7. bekkjar | Uv = færri en 120 | V1 = 120-164 | V2 = 165-189 | V3 = 190 eða fleiri |

| | | | | |
|---------------------|-------------------|--------------|--------------|---------------------|
| Við lok 8. bekkjar | Uv = færri en 130 | V1 = 130-179 | V2 = 180-209 | V3 = 210 eða fleiri |
| Við lok 9. bekkjar | Uv = færri en 140 | V1 = 140-179 | V2 = 180-209 | V3 = 210 eða fleiri |
| Við lok 10. bekkjar | Uv = færri en 145 | V1 = 145-179 | V2 = 180-209 | V3 = 210 eða fleiri |

AÐLAGAÐAR NÁMSKRÁR

- Þeir sem fá stjörnumerktar einkunnir fylgja einstaklingsnámskrá.
- Með þeim á að fylgja skýring á matinu og lýsingu á hæfni nemandans í hverju fagi fyrir sig út frá aðlöguðum hæfni- og matsviðmiðum.
- Þegar nemandi nýtur sérúrræða, skv. ákvæðum þessa kafla, skulu kennarar, og aðrir fagaðilar ásamt nemandanum og foreldrum hans, taka þátt í mótun og gerð tilfærsluáætlunar sem byggir á einstaklingsáætlun og öðrum gögnum.
- Í tilfærsluáætluninni skulu vera upplýsingar um skólagöngu nemandans, núverandi aðstæður og stöðu og áform hans um frekara nám.

HÆFNI EINKUNN* Í BÓKSTÖFUM

A*

Nemandi sýnir framúrskarandi hæfni í viðmiði.

B*

Nemandi sýnir góða hæfni í viðmiði.

C*

Nemandi þarfnast þjálfunar í hæfniviðmiði.

D*

Nemandi hefur ekki náð hæfniviðmiðum og úrræða er þörf.

INFOMENTOR

- Holtaskóli notar InfoMentor kerfið við skráningar á námsmati.
- Kennarinn setur fram hvaða hæfniviðmið er unnið með hverju sinni og tengir áætlanir, verkefni og námsefni við þau inn í námslotu.
- Námslotur í InfoMentor halda utan um kennsluna. Kennarar búa sér til lotur í hverju fagi þar sem þeir tengja skólaviðmið, verkefni og námsefni sem taka á fyrir. Í framhaldinu eru þessir þættir metnir og hægt er að kalla fram hæfnikort nemenda sem gefur skýra sýn á stöðu nemandans hverju sinni.



Ef þið hafið einhverjar spurningar varðandi nýja námsmátið, endilega hafið samband við okkur.